

**15. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 29. nóvember 2010, kl. 12.25, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Ragnheiður Thorlacius, ritari, er í símasambandi við fundarmenn. Sólveig Jónsdóttir vék af fundi kl. 13.20.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Val á fimleikakarli og fimleikakonu ársins og aðrar viðurkenningar**

*Samkvæmt 14. gr. reglugerðar FSÍ* velur stjórn sambandsins fimleikakarli og fimleikakonu ársins að loknu keppnistímabili að fengnum tilnefningum frá tækninefndum. Leitað hefur verið eftir tilnefningum frá tækninefndum í áhald- og hóp fimleikum og hafa stjórn borist tilnefningar frá tækninefndunum þremur.

Stjórn FSÍ velur Íris Mist Magnúsdóttir fimleikakonu ársins 2010 og Dýra Kristjánsson fimleikamann ársins 2010.

Viðurkenning til þeirra og annarra sem hljóta heiðursviðurkenningar FSÍ 2010 verða veittar við hátíðlega athöfn milli jóla- og nýárs. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa hátíðina.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 9. desember nk., kl.16.00.

Fundi slitið kl. 13.45.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.